

## Mannauðsstefna

### Hvalfjarðarsveit – framsækið samfélag sem ræktar vilja og virðingu

Hvalfjarðarsveit byggir þjónustu sína á áhugasömu og hæfu starfsfólki. Mannauðsstefnunni er ætlað að endurspegla metnað sveitarfélagsins til að vera vinnuveitandi í fremstu röð og mikilvægt er að stjórnendur, starfsmenn og kjörnir fulltrúar taki sér á herðar þá gagnkvæmu ábyrgð að framfylgja stefnunni. Mannauðsstefnan skal tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti.

#### Markmið mannaúðsstefnunnar eru að:

- Hvalfjarðarsveit sé eftirsóknarverður og aðlaðandi vinnustaður.
- Hjá sveitarfélaginu starfi áhugasamt og hæft fólk sem býr við góð starfsskilyrði til rækta þekkingu og færni starfsmanna og stuðla að því að þeir miðli þekkingu sín á milli .
- Starfsumhverfið einkennist af jákvæðni, virðingu og samheldni jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs.
- Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar veiti íbúum góða þjónustu.

### 1. Ráðningar og kjör

Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar eru ráðnir á grundvelli reynslu, hæfni, menntunar og hæfileika til að takast á við starfið.

Ráða skal þann hæfasta hverju sinni og viðhafa vandaða stjórnsýsluhætti við ráðningu. Kjör starfsmanna taka mið af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Gæta skal jafnræðis við allar launaákvæðanir.

### 2. Hlutverk og ábyrgð starfsmanna

Það er mikilvægt fyrir Hvalfjarðarsveit sem vinnuveitanda að starfsmenn séu stoltir af starfi sínu og vinnustað.

Til að geta veitt íbúum Hvalfjarðarsveitar góða þjónustu er mikilvægt að starfsmenn sýni jákvætt viðmót og þjónustulund í starfi.

Starfsmenn skulu vanda samskipti sín á milli og stuðla að lausn ágreiningsmála og jafnframt sýna hver öðrum virðingu og umhyggju,

### 3. Siðareglur

Starfsmönnum Hvalfjarðarsveitar ber að fara eftir þeim lögum, reglugerðum og reglum er varða starfssvið þeirra. Þeir skulu sýna trúnað í samskiptum sínum við íbúa, samstarfsfólk og aðra aðila. Trúnaður helst þó starfsmaður láti af störfum. Starfsmenn Hvalfjarðarsveitar starfa í þágu íbúa og skulu ávallt setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum.

Starfsmenn skulu fylgja þeim reglum sem í gildi eru á hverjum vinnustað um vinnutíma, árangur og háttarni svo og lögum og sérstökum reglum deilda og stofnana sveitarfélagsins eins og þær eru hverju sinni. Starfsmenn skulu vinna eftir stefnu vinnustaðar síns af heilindum og trúmennsku og ávalt hlíta lögmætum fyrirmælum yfirmanna sinna. Starfsmönnum ber að sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur sett fram siðareglur og ber starfsmönnum að fylgja þeim í hvívetna.

#### **4. Öflugir stjórnendur**

Stjórnendur Hvalfjarðarsveitar þurfa að búa yfir leiðtogaþæfni og sýna fagmennsku í starfi sínu. Fræðsla og þjálfun til stjórnenda er afar mikilvægur þáttur í að efla þá í starfi. Stjórnendur gegna lykilhlutverki í samskiptamálum og upplýsingamiðlun og veita starfsmönnum sínum leiðsögn, hvatningu og endurgjöf. Jafnframt skulu stjórnendur stuðla að jákvæðu viðhorfi og eflingu liðsheildar. Stjórnendur skulu einnig sjá til þess að starfslýsingar séu til fyrir öll störf.

#### **5. Starfsmannasamtöl**

Hvalfjarðarsveit leggur mikla áherslu á að góð tengsl ríki milli starfsmanns og stjórnanda. Allir starfsmenn sveitarfélagsins eiga fara í starfsmannasamtal hjá yfirmanni sínum, a.m.k. einu sinni á ári. Í starfsmannasamtalinu skulu starfsmaður og stjórnandi ræða um gagnkvæmar væntingar og kröfur, styrkleika og veikleika, starfsánægju og líðan.

#### **6. Lýðræði, jafnrétti og fjölmening**

Vinnustaðir Hvalfjarðarsveitar skulu endurspeglar margbreytileika samfélagsins. Hvalfjarðarsveit leitast við að jafna stöðu kvenna og karla með því t.d. að stuðla að því að ströf flokkist ekki í sérstök karla- og kvennastörf og að konum og körlum sem starfa hjá sveitarfélaginu standi til boða sömu tækifæri til starfsþróunar og símenntunar. Allir starfsmenn Hvalfjarðarsveitar njóta sambærilegra réttinda óháð kynferði, þjóðerni, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð, aldri, heilsufari eða öðrum þáttum eins og stjórnsmálaskoðunum eða félagslegri stöðu.

#### **7. Einelti, áreitni og vanlíðan**

Einelti og/eða áreitni af öllum toga líðst ekki á vinnustöðum Hvalfjarðarsveitar. Þolendur og gerendur eineltis og áreitni skulu njóta ráðgjafar og stuðnings við úrvinnslu afleiðinga þess.

#### **8. Fjölskylduvænn vinnustaður**

Hvalfjarðarsveit er fjölskylduvænn vinnustaður sem viðurkennir mikilvægi þess að starfsmenn geti með sem bestum hætti samræmt vinnu sína og einkalíf. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að starfsmenn geti sinnt daglegum störfum sínum á dagvinnutíma og virðing er borin fyrir frítíma starfsmanns. Starfsmönnum skal einnig gefinn kostur á hlutastörfum, sveigjanlegum vinnutíma og vinnuáðstæðum eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa. Hvalfjarðarsveit hvetur bæði kyn til að nýta fæðingarorlof og foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

#### **9. Þróun og þekking**

Hvalfjarðarsveit er lærdómssamfélag þar sem miðlun þekkingar innan og milli stofnana er í forgrunni. Stjórnendur skulu hvetja til þekkingarmiðlunar, m.a. með samnýtingu námskeiða og fræðsludaga. Lögð er áhersla á að nýta þekkingu starfsmanna þannig að annað starfsfólk eða stofnanir njóti góðs af. Hvalfjarðarsveit vill gera starfsfólki kleift að efla þekkingu sína og hæfni í samræmi við síbreytilegar kröfur. Símenntunaráætlun er í vinnslu í janúar 2013.

#### **10. Nýliðafræðsla**

Nýir starfsmenn skulu fá fræðslu við hæfi og viðeigandi aðstoð til að komast vel inn í starfið. Nýjum starfsmönnum skulu veittar greinargóðar upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur sem og kynningu á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins og starfsfólki.

## **11. Upplýsingamiðlun**

Upplýsingaflæði innan og milli stofnana skal vera öflugt og skilvirkt. Tryggt skal að starfsmenn séu vel upplýstir um skipulag og markmið vinnustaðarins. Hver stofnun skal stefna að því að halda starfsmannafundi að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Starfsmenn skulu sýna frumkvæði til að afla nauðsynlegra upplýsinga sem starfið krefst og leitast við að miðla upplýsingum til hvers annars.

## **12. Starfsumhverfi og heilsa**

Starfsmenn og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á að skapa jákvæða og góða vinnustaðameningu þar sem gagnkvæm virðing, umhyggja og góð líðan er í fyrirrúmi.

Vinnustaðir Hvalfjarðarsveitar skulu gera og framfylgja skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 49/1980). Stofnanir Hvalfjarðarsveitar bjóða upp á hvetjandi, öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Starfsfólk Hvalfjarðarsveitar er hvatt til að stunda reglulega hreyfingu og huga vel að andlegri og líkamlegri velferð sinni.

## **13. Tóbak, áfengi og vímuefni**

Notkun tóbaks er óheimil á vinnustað og geta starfsmenn fengið ráðgjöf um úrræði til að hætta tóbaksnotkun.

Notkun áfengis og vímuefna við störf er með öllu óheimil. Starfsmenn sem eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða geta fengið ráðgjöf um úrræði til að takast á við vandann.

## **14. Starfslok**

Hvalfjarðarsveit skapar starfsfólki sínu möguleika á samfelldum starfsferli þar sem leitast er við að taka tillit til aldurs, breytinga á persónulegum högum, skertrar starfsgetu, aukinnar menntunar eða annars sem getur kallað fram þörf á að flytjast til í starfi. Starfsmönnum er heimilt að vinna til loka þess árs er þeir ná 67 ára aldri.

Mannauðsstefnan skal endurskoðuð á 2ja ára fresti.

**Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 22. janúar 2013.**